

Þriðjudaginn 11. júní 1940.

Nr. 19/1939. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Haralds Sigurðssonar**  
 gegn  
**Sveinafélagi múrara.**

Ágreiningur um það, hvort stofnast hafi vinnusamningur milli aðilja. Múrarameistari ekki talinn hafa skuldbundið sig til þess að vinna ekki með sveinum sínum. Stéttarfélag dæmt til þess að greiða skaðabætur vegna þess, að það hafi á ólögmatan hátt hindrað stefnanda í því að vinna með sveinum sínum.

#### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. september f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Haralds Sigurðssonar, múrarameistara hér í bæ, gegn Sveinafélagi múrara hér í bæ.

Málavextir eru þessir:

Hinn 30. júlí ... (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 53.)

... Haraldur Sigurðsson 18. júlí ... sveinafélagið.

Í máli þessu gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

1.—3. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 54.)

Þá krefst hann málskostnaðar eftir mati dómsins.

Í stefnu gerði hann þá kröfu, að stefndi yrði dæmdur í sekt fyrir sanningsrof, en við munnlegan flutning málsins féll hann frá þeirri kröfu með skírskotun til þess, að samskonar kröfu hefði verið hrundið með dómi þessa réttar í málinu nr. 26/1939.

Stefndi hefir krafizt sýknu og málskostnaðar.

Koma þá til athugunar kröfur stefnanda.

*Um 1.* (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 55.)

*Um 2.* (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939.)

*Um 3.* Skaðabótakröfu ... (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939) ... með í ráðum þar um.

Koma þá til athugunar afskipti sveinanna og sveinafélagsins af stefnanda máls þessa.

Stefnandi kveðst s. l. sumar hafa haft eftirlit og umsjón sem múrarameistari með múrvinnu við byggingu þriggja húsa hér í bænum. Voru það húsin Bergþórugata 63,

Auðarstræti 5 og Hringbraut 50. Annaðist hann að öllu leyti uppsteypu tveggja hinna fyrst greindu. Áður en múrhúðun hússins nr. 63 við Bergþórugötu skyldi hefjast, gerði hann tilboð í þann hluta verksins. Kveður hann sitt tilboð hafa verið lægst og hafi hann í fyrstu ekki getað skilið húseigandann öðru vísi en svo, að hann fengi verkið, en úr því hafi þó ekki orðið, og hafi húseigandinn látið í veðri vaka, að hann, stefndi mundi ekki geta fengið sveina til að vinna að múrvinnunni. Að því er varðar Auðarstræti 5 gerði hann samning við eiganda þess húss um að annast múrvinnu við það að öllu leyti. Ætlaði hann og að vinna sjálfur við það hús. En vegna þess, að sveinafélagið hafi bannað sveinunum að vinna hjá sér, kveðst hann ekki hafa fengið múrhúðun við Bergþórugötu 63, og einnig hafi hann orðið að hætta vinnu við Auðarstræti 5.

Við vitnaleiðslur í máli þessu báru 3 sveinar það, að þeir hefðu um þær mundir, er lokið var við að steypa upp húsið nr. 63 við Bergþórugötu, falast eftir vinnu hjá stefnanda. En áður en til vinnu kæmi, áttu þeir tal um það við formann sveinafélagsins, og tjáði hann þeim, að stefnandi væri í „sveinabanni“, og að ekki væri gerlegt að vinna hjá honum. Verður ekki séð, að önnur ástæða hafi legið til grundvallar „sveinabanninu“ en sú, að stefnandi taldi sér heimilt, samkvæmt samningi sínum við stefnda, að vinna sjálfum, enda tjáði formaður sveinafélagsins stefnanda, er hann spurðist fyrir um það hjá honum, hvers vegna sveinarnir ekki mættu vinna hjá sér, að það væri „strið“ milli sveinafélagsins og múrarameistaranna, og yrði það að bitna á stefnanda eins og öðrum múrarameisturum.

Í dómi þessa réttar í málinu nr. 26/1939 er lýst afstöðu þeirri, er sveinafélagið sem heild tók til þessara mála, eftir að viðurkenndur hafði verið réttur meistaranna til vinnu með dómi þessa réttar, uppkveðnum 13. október f. á., í máli Jóns Eiríkssonar. En sú afstaða verður ekki skilin öðru vísi en sem áframhald þeirrar viðleitni, að knýja meistarana til þess að vinna ekki. Loks má geta þess, að 2. febr. þ. á. gerði þáverandi formaður sveinafélagsins tilraun til þess að fá 3 sveina, er unnu þá hjá stefnanda, til að leggja niður vinnu hjá honum, vegna þess að hann, stefnandi, vann þá með sveinunum. Varð einn sveinninn við þeim tilmælum, en því hefir ómótmælt verið haldið fram í málinu, að hinir tveir,

sem ekki urðu við tilmælum formannsins, hafi af félaginu verið sektaðir um 75 kr. hvor, fyrir þá félagslegu óhlýðni.

Með tilvísun til þess, sem að framan er greint, verður að telja, að stefndi hafi orðið sannur að sök um það, að hafa hindrað það, að stefnandi gæti unnið sjálfur, og með því að slík framkoma af hálfu stefnda var óréttmæt og brot á samningnum við hann (stefnanda), verður að leggja á stefnda ábyrgð af því tjóni, er stefnandi kann að hafa beðið af þeim sökum.

Skaðabótakröfu sína miðar stefnandi við það, að hann hafi, af völdum stefnda, misst af vinnu við framangreind hús í 130 daga á tímabilinu frá 19. júlí til 31. des. f. á., og miðað við 25 króna dagkaup nemi það kr. 3250.00. Þar frá beri þó að draga kr. 1491.58, sem hann hafi fengið fyrir vinnu á nefndu tímabili, og verður því bótakrafa hans kr. 1758.42, og er þá ekki dregið frá eftirlitsgjald, er stefnandi fékk á umræddu tímabili. Ekki verður talið sannað, að hann hafi misst af vinnu við húsið nr. 63 við Bergþórugötu fyrir tilverknað stefnda. Þá verður heldur ekki séð, að til vinnustöðvunar hafi komið hjá honum fyrr en seint í ágústmánuði f. á. En með því að stefnandi hefir fært nægilegar líkur fyrir því, að hafa á nefndu tímabili misst af vinnu og þannig orðið fyrir tjóni vegna framangreindra aðgerða stefnda, ber að dæma honum bætur úr hendi stefnda, er þykja hæfilega ákveðnar kr. 700.00.

Eftir þessum málslyktum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

1. Framangreindur samningur milli aðilja máls þessa, dags. 18. júlí 1939, fullnægir skilyrðum 6. gr. laga nr. 80/1938, um vinnusamninga, og gilda um hann ákvæði nefndrar greinar.
2. Stefnanda, Haraldi Sigurðssyni, er heimilt að vinna sjálfum við verk þau, er falla undir 1. lið framangreinds samnings.
3. Stefndi, Sveinafélag múrara í Reykjavík, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Haralds Sigurðssonar kr. 700.00 og kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.